

Fundargerð skólaráðs Akurskóla

Fundur haldinn í Akurskóla Tjarnarbraut 11. október 2022 klukkan 16:00-17:00

Mættir: Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri, Þormóður Logi Björnsson aðstoðarskólastjóri, Margrét Ósk Heimisdóttir og Fríða Hrönn Hallfreðsdóttir fulltrúar kennara. Ósk Benediksdóttir fulltrúi starfsfólks. Borghildur Þórðardóttir og Eybjörg Helga Daníelsdóttir fulltrúi foreldra. Daði Þorkelsson fulltrúi grenndarsamfélagsins. Elvar Ásmundsson og Mikael Máni Hjaltason fulltrúar nemenda.

Dagskrá:

1. Kynning fulltrúa.
2. Starfsáætlun skólans og Lindar ásamt umbótaáætlun
3. Upphaf skólaársins
4. Önnur mál.

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1.mál Kynning fulltrúa.

Allir fundarmenn kynntu sig.

2.mál Farið yfir starfsáætlun Akurskóla og Lindar ásamt umbótaráætlunar

Skólaráð Akurskóla hefur farið yfir starfsáætlun Akurskóla og Lindar auk umbótaráætlunar. Allt þrennt samþykkt án athugasemdar.

3.mál Upphaf skólaársins

Skólastjóri fór yfir hvernig skólaárið hefur farið af stað. Allir sammála um að allt fer vel af stað.

4.mál Önnur mál.

a) Spurt um skólalóðina. Sigurbjörg er í nefnd um skólalóðir. Það átti að skila skýrslu í vor sem er ekki komin, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir um að fá hana.

b) Nemendaráðið er að athuga hvort það sé hægt að búa til gagabolta völl á skólalóðinni.

c) Nemendaráðið er að undirbúa að byrja með magnaða mánudaga, þar sem hópur nemenda úr nemendaráði fara út í frímínútur með yngri nemendum og fara með þeim í leiki. Þau hafa með yngri nemendum í söngstund á miðvikudögum sem hefur líka gefist vel.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.16.20.

Fundargerð þessa ritaði Þormóður Logi Björnsson, aðstoðarskólastjóri Akurskóla